

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2022/474****2023/EES/8/13****frá 17. janúar 2022**

**um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar sértækar kröfur um framleiðslu og notkun á unglöntum sem eru ekki lífrænt ræktaðar, unglöntum í aðlögun og lífrænt ræktaðum unglöntum og öðru plöntufjölgunarefni (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum b- og e-lið 2. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (ESB) 2018/848 og einkum í I. hluta II. viðauka við hana er mælt fyrir um tiltekna kröfur að því er varðar notkun á plöntufjölgunarefni í aðlögun og plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun.
- 2) Með það fyrir augum að fella niður í áföngum undanþágur frá notkun lífrænt ræktaðra plöntufjölgunarefna, sem mælt er fyrir um í 53. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, er mikilvægt að auka framleiðslu lífrænt ræktaðra plöntufjölgunarefna og plöntufjölgunarefna í aðlögun og setningu þeirra á markað.
- 3) Að því er varðar sumar tegundir til garðyrkju er þó tiltækileiki lífrænt ræktaðs fræs og fræs í aðlögun takmarkaður sem stendur og notkun á fræi sem er ekki lífrænt ræktað til framleiðslu á unglöntum sem plöntufjölgunarefni, sem eru ræktaðar við lífræn skilyrði, er algeng tækni.
- 4) Gagnagrunnarnir og kerfin sem um getur í 1. og 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, þar sem aðildarríkjum er skylt að gera upplýsingar um tiltækileika lífræns ræktaðs plöntufjölgunarefnis og plöntufjölgunarefnis í aðlögun aðgengilegar, taka ekki til unglantna. Að teknu tilliti til sérstaks eðlis unglantna og að tímalengd framleiðsluferlis þeirra er mismunandi er þörf á að skýra nánar reglurnar um notkun þeirra í lífrænni framleiðslu. Hafa ætti hliðsjón af tiltækileika lífrænt ræktaðs fræs og fræs í aðlögun fyrir hlutaðeigandi tegundir og yrki til að ákvarða mögulegan tiltækileika unglantna sem eru lífrænt ræktaðar og unglantna í aðlögun á markaðnum.
- 5) Í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er einnig hægt að setja plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun á markað sem plöntufjölgunarefni í aðlögun að því tilskildu að a.m.k. 12 mánaða aðlögunartíma fyrir slíkt efni sé lokið. Notkun á plöntufjölgunarefni í aðlögun ætti að njóta forgangs fram yfir notkun á plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun. Í því samhengi er nauðsynlegt að skýra nánar að heimilt er að nota „ungplöntur í aðlögun“ þegar ræktunarlota þeirra hefur staðið yfir í a.m.k. 12 mánuði á landspildu þar sem 12 mánaða aðlögunartíma er lokið, eða þegar þær eru ræktaðar í ílátum eða á landspildu, að því tilskildu að unglönturnar séu komnar af fræi í aðlögun sem var uppskorið af plöntum sem voru ræktaðar á landspildu þar sem 12 mánaða aðlögunartíma var lokið.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022, ESB L 98, 25.3.2022, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 294/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2007, ESB L 150, 14.6.2007, bls. 1.

- 6) Að því er varðar unglöntur er samt sem áður nauðsynlegt að banna notkun á unglöntum sem eru ekki lífrænt ræktaðar í ræktun þar sem framleiðsluferlinu lauk á innan við einu vaxtartímabili frá gróðursetningu unglantanna til fyrstu uppskeru lokaafurðarinnar til að tryggja heilindi lífrænt ræktaðra vara sem getur grafið undan ef efnaleifar eru fyrir hendi í fræi sem er ekki lífrænt ræktað sem er notað sem upphafsefni.
- 7) Að því er varðar tiltekin aldin, vínvið og skrauttegundir eða yrki er tiltækileiki móðurplantna eða, ef við á, á annarra plantna sem eru ætlaðar til framleiðslu á plöntufjölgunarefni, sem eru ræktaðar í samræmi við lið 1.8.2 í I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848, ekki fullnægjandi. Enn fremur eru einungis fáar gróðrarstöðvar fyrir lífrænt ræktað aldin og vínvið sem vinna stendur með móðurplöntur sem eru ræktaðar í samræmi við lið 1.8.2 vegna langtímafjárfestinga og tæknilegra erfiðleika við að tryggja fullt samræmi við kröfur um gæðavottun og plöntuheilbrigði.
- 8) Til að stuðla að frekari þróun þessa mjög sérhæfða framleiðslugeira þykir rétt að innleiða þann möguleika að leyfa notkun á plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun, sem er ræktað við lífræn skilyrði til framleiðslu á plöntufjölgunarefni sem á að setja á markað og nota fyrir lífræna uppskeru, að því tilskildu að tiltekin sérstök skilyrði séu uppfyllt.
- 9) Rekstraraðilum sem framleiða slíkt plöntufjölgunarefni ætti að vera heimilt að birta að eigin frumkvæði upplýsingar um tiltækileika slíks efniviðar í landsbundnu kerfunum sem komið var á fót í samræmi við 2. mgr. 26. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848. Þetta mun gera rekstraraðilum kleift að velja plöntufjölgunarefni sem eru ræktað á lífrænan hátt þegar lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun er ekki tiltækt.
- 10) Til að tryggja samfellu ættu leyfi til að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun, sem er ræktað við lífræn skilyrði til framleiðslu á plöntufjölgunarefni, að falla úr gildi á sama tíma og undanþágurnar frá því að nota lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni. Framkvæmdastjórnin ætti að vakta tiltækileika lífrænt ræktaðs plöntufjölgunarefnis og afturkalla eða framlengja slík leyfi í ljósi niðurstaðnanna, að því er varðar tiltækileika lífrænt ræktaðs plöntufjölgunarefnis, sem koma fram í skýrslunni sem kveðið er á um í 7. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 og í samræmi við 2. mgr. 53. gr. þeirrar reglugerðar.
- 11) Því ætti að breyta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 til samræmis við það.
- 12) Til að komast hjá lagalegu tómarúmi ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkir frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. janúar 2022.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## VIÐAUKI

Ákvæðum I. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/848 er breytt sem hér segir:

a) Lið 1.8.5.1 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Ef gögn, sem safnað er í gagnagrunninn sem um getur í 26. gr. (1. mgr.) eða kerfin sem um getur í 26. gr. (2. mgr.), sýna að eigindlegar eða meginlegar þarfir rekstraraðila varðandi viðeigandi lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eru ekki uppfylltar er rekstraraðilanum heimilt, þrátt fyrir lið 1.8.1, að nota plöntufjölgunarefni í aðlögun í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr. eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6.“

ii. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir fyrsta lið:

„Ef um er að ræða skort á framboði á unglöntum sem eru lífrænt ræktaðar má að auki nota „ungplöntur í aðlögun“, sem voru settar á markað í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr., ef þær eru ræktaðar sem hér segir:

a) í a.m.k. 12 mánaða ræktunarlotu frá fræi til fullvaxinnar unglöntu á landspildu þar sem a.m.k. 12 mánaða aðlögunartíma lauk á þessu sama tímabili eða

b) á landspildu fyrir lífræna ræktun eða landspildu í aðlögun, eða í flátum ef þær falla undir undanþáguna sem um getur í lið 1.4, að því tilskildu að unglönturnar séu komnar af fræi í aðlögun sem var uppskorið af plöntu sem var ræktað á landspildu þar sem a.m.k. 12 mánaða aðlögunartíma er lokið.“

iii. Í stað annars, þriðja og fjórða liðar kemur eftirfarandi:

„Ef lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun, sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6, af fullnægjandi gæðum eða í nægilegu magni er ekki fánlegt til að uppfylla þarfir rekstraraðilans er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa notkun plöntufjölgunarefnis sem er ekki úr lífrænni ræktun, með fyrirvara um liði 1.8.5.3 til 1.8.5.8.

Slíkt stakt leyfi skal eingöngu gefið út við einhverjar af eftirfarandi aðstæðum:

a) ef ekkert yrki af þeim tegundum sem rekstraraðili vill fá er skráð í gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 26. gr. eða kerfin sem um getur í 2. mgr. 26. gr.,

b) ef enginn rekstraraðili sem setur plöntufjölgunarefni á markað getur útvegað viðkomandi lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6 tímanlega fyrir sáningu eða gróðursetningu í tilvikum þar sem notandinn hafði pantað plöntufjölgunarefnið í tæka tíð til að unnt væri að vinna og afhenda lífrænt ræktaða plöntufjölgunarefnið eða plöntufjölgunarefnið í aðlögun eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6,

c) ef yrkið sem rekstraraðili vill fá er ekki skráð sem lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun eða sem plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6 í gagnagrunninum sem um getur í 1. mgr. 26. gr. eða kerfunum sem um getur í 2. mgr. 26. gr. og rekstraraðilinn getur sýnt fram á að enginn af skráðu staðgöngukostunum af sömu tegund sé hentugur, einkum fyrir landbúnaðarskilyrðin og jarðvegs- og loftslagsskilyrðin, og með nauðsynlega tæknilega eiginleika fyrir fyrirhugaða framleiðslu,

d) ef hægt er að réttlæta það vegna notkunar í tengslum við rannsóknir, prófanir í litlum mæli á vettvangi, vegna varðveislu á yrki eða vegna vörunýsköpunar og með samþykki lögbærri yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki.

Áður en rekstraraðilar fara fram á slíkt leyfi skulu þeir fletta upp í gagnagrunninum sem um getur í 1. mgr. 26. gr. eða í kerfunum sem um getur í 2. mgr. 26. gr. til að ganga úr skugga um hvort viðkomandi lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6 sé fánlegt og hvort beiðni þeirra sé af þeim sökum réttlætlanleg.“

b) Lið 1.8.5.2 er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir lið 1.8.1. er rekstraraðilum í þriðju löndum heimilt að nota plöntufjölgunarefni í aðlögun, í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 4. mgr. 10. gr., eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6, þegar staðfest hefur verið að lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni af fullnægjandi gæðum eða í nægilegu magni er ekki fánlegt á yfirráðasvæði þriðja landsins þar sem rekstraraðilinn er staðsettur.“

ii. Í stað þriðja liðar kemur eftirfarandi:

„Eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum, sem eru viðurkenndir í samræmi við 1. mgr. 46. gr., er heimilt að leyfa rekstraraðilum í þriðju löndum að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun í lífrænni framleiðslueiningu þegar lífrænt ræktað plöntufjölgunarefni eða plöntufjölgunarefni í aðlögun eða plöntufjölgunarefni sem er leyft í samræmi við lið 1.8.6 af fullnægjandi gæðum eða í nægilegu magni er ekki fánlegt á yfirráðasvæði þriðja landsins þar sem rekstraraðilinn er staðsettur, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í liðum 1.8.5.3, 1.8.5.4, 1.8.5.5 og 1.8.5.8.“

c) Eftirfarandi liðum 1.8.5.8 og 1.8.6 er bætt við:

„1.8.5.8. Lögbær yfirvöld skulu ekki leyfa notkun á unglöntum sem eru ekki lífrænt ræktaðar ef um er að ræða unglöntur af tegundum með ræktunarlotu sem, frá gróðursetningu unglöntunnar til fyrstu uppskeru afurðarinnar, lýkur á einu vaxtartímabili.

1.8.6. Lögbærum yfirvöldum eða, eftir því sem við á, eftirlitsyfirvöldum eða eftirlitsaðilum sem eru viðurkenndir í samræmi við 1. mgr. 46. gr. er heimilt að leyfa rekstraraðilum sem framleiða plöntufjölgunarefni til notkunar í lífrænni framleiðslu að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun þegar móðurplöntur eða, eftir því sem við á, aðrar plöntur sem eru ætlaðar til framleiðslu á plöntufjölgunarefni og eru framleiddar í samræmi við lið 1.8.2 eru ekki tiltækar í nægilegu magni eða af nægum gæðum og að setja slíkan efnivið á markað til notkunar í lífrænni framleiðslu að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun, sem er notað, hefur ekki verið meðhöndlað eftir uppskeru með öðrum plöntuverndarvörum en þeim sem eru leyfðar í samræmi við 1. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar nema lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis hafi mælt fyrir um efnafraðilega meðhöndlun vegna plöntuheilbrigðis, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/2031, að því er varðar öll yrki og misleitun efnivið tiltekinnar tegundar á svæðinu þar sem nota á plöntufjölgunarefnið. Ef notað er plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun, sem hefur fengið slíka efnafraðilega meðhöndlun sem mælt er fyrir um, skal spildan þar sem meðhöndlaða plöntufjölgunarefnið vex falla undir aðlögunartíma, eftir því sem við á, eins og kveðið er á um í liðum 1.7.3 og 1.7.4,
- b) plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun, sem er notað, er ekki unglanta af tegund með ræktunarlotu sem, frá gróðursetningu unglöntunnar til fyrstu uppskeru afurðarinnar, lýkur á einu vaxtartímabili,
- c) plöntufjölgunarefnið er ræktað í samræmi við allar aðrar viðeigandi kröfur um lífræna plöntuframleiðslu,
- d) leyfi til að nota plöntufjölgunarefni sem er ekki úr lífrænni ræktun skal fengið áður en því er sáð eða það gróðursett,
- e) lögbært yfirvald, eftirlitsyfirvald eða eftirlitsaðili sem ber ábyrgð á leyfinu skal einungis veita leyfið til einstakra notenda og fyrir eitt vaxtartímabil í einu og skal skrá magn leyfðs plöntufjölgunarefnis,
- f) þrátt fyrir e-lið er lögbærum yfirvöldum aðildarríkja heimilt að veita almennt leyfi á hverju ári fyrir notkun á tilteknum tegundum eða undirtegundum eða yrki plöntufjölgunarefnis sem er ekki úr lífrænni ræktun og gera skrána yfir tegundir, undirtegundir eða yrki aðgengilega öllum og uppfæra hana á hverju ári. Í því tilviki skulu þessi lögbæru yfirvöld skrá magn leyfðs plöntufjölgunarefnis sem er ekki úr lífrænni ræktun,
- g) leyfi sem eru veitt í samræmi við þennan lið skulu falla úr gildi 31. desember 2036.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert og í fyrsta sinn eigi síðar en 30. júní 2023 skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um upplýsingar um leyfi sem eru veitt í samræmi við fyrstu málsgrein.

Rekstraraðilum sem framleiða og setja á markað plöntufjölgunarefni, sem er framleitt í samræmi við fyrstu málsgrein, skal heimilt að birta að eigin frumkvæði viðeigandi sérstakar upplýsingar um tiltækileika slíks plöntufjölgunarefnis í landsbundnu kerfunum sem komið var á fót í samræmi við 2. mgr. 26. gr. Rekstraraðilar sem kjósa að láta slíkar upplýsingar koma fram skulu tryggja að upplýsingarnar séu uppfærðar reglulega og séu teknar út úr landsbundnu kerfunum um leið og plöntufjölgunarefnið er ekki lengur fánlegt. Þegar rekstraraðilar treysta á almenna leyfið sem um getur í f-lið skulu þeir halda skrár yfir magnið sem er notað.“

---